

Undirritaðir aðilar, **sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra og fjármála og efnahagsráðherra** f.h. íslenska ríkisins og **Bændasamtök Íslands/Samband garðyrkjubænda**, hafa með vísan til 30. gr. búvörulaga nr. 99/1993, með síðari breytingum og 8 gr. samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjaufurða dags. 19. febrúar 2016 orðið sammála um svohljóðandi:

SAMKOMULAG

um breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjaufurða frá 19. febrúar 2016

1. gr.

Markmið samkomulags

Markmið samkomulagsins er meðal annars að stuðla að framþróun og nýsköpun í framleiðslu garðyrkjaufurða með áherslu á aðgerðir í loftslagsmálum og fjölþætta stefnumótun. Jafnframt er markmið samkomulagsins að við endurskoðun samningsins 2023 hafi framleiðsla á íslensku grænmeti aukist um 25%, miðað við meðalframleiðslu árána 2017 til 2019, til að auka markaðshlutdeild innlendar framleiðslu¹. Markmið gildandi samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjaufurða standa auk þess óbreytt. Samkomulag þetta er liður í endurskoðun samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjaufurða frá 19. febrúar 2016, skv. 8. gr. samningsins.

2. gr.

Loftslagsmál

Markmið samningsaðila er að íslensk garðyrkja verði að fullu kolefnisjöfnuð eigi síðar en árið 2040. Þetta verði m.a. gert með því að byggja upp þekkingu á losun og bindingu kolefnis, vinna að bættri meðhöndlun og nýtingu aðfanga og áburðar, minni soun, markvissri jarðrækt, aukinni sjálfbærni og öðrum þeim aðgerðum er miða að því að kolefnisjafna búskap. Skal stefnt að því að allar afurðir frá íslenskum garðyrkjubændum verði vottaðar sem kolefnishlutlausar fyrir árið 2040.

Framangreindar áherslur falla vel að öðrum verkefnum á sviði kolefnisbindingar svo sem skógrækt, sem og áherslum stjórnvalda. Samningsaðilar munu horfa til heildrænnar nálgunar þar sem stefnumörkun í loftlagsmálum, orkumálum, atvinnumálum, byggðamálum og fleiri veigamiklum þáttum, ásamt matvælastefnu, fer saman við aðgerðir sem aðilar takast á hendur í því skyni að ná fram samlegðaráhrifum og settum markmiðum.

Meðal helstu forsenda fyrir því að framangreindum markmiðum verði náð er að auka enn frekar þekkingu bænda á landi sínu og ræktun og efla um leið getu þeirra og úrræði til að auka bindingu kolefnis og draga úr losun. Því þarf að auka beina ráðgjöf og fræðslu fyrir bændur um framangreind atriði. Jafnframt verði skoðað að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íslenska garðyrkju til að ná enn frekari árangri í að auka bindingu. Nauðsynlegt er að þekkja vel möguleika hvers garðyrkjubýlis og byggja upp gagnsætt og vottað umhverfi um verkefnið.

Til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju stefna samningsaðilar að því að ráðstafa hluta af fjármagni sem rennur til samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjaufurða til aðgerða í loftlagsmálum og koma þar helst til álita fjármunir sem varið er til að styrkja jarðrækt og kynbótastarf auk þróunarfjár. Þar að auki verður bætt við nýju fjármagni til að stuðla að kolefnishlutleysi íslenskrar garðyrkju fyrir árið 2040 að fjárhæð 15 m.kr. árlega frá og með árinu 2020 sbr. tafla 2 í viðauka I með samkomulagi þessu.

Af hálfu stjórnvalda er fyrirhugað að verja verulegum fjármunum til aðgerða á sviði loftlagsmála á næstu árum. Samningsaðilar munu gera sérstaka samninga um slík verkefni, eftir því sem aðstæður leyfa á gildistíma samnings.

¹ Byggt er á gögnum Hagstofu Íslands um uppskeru og afurðir.

Framkvæmdanefnd búvörusamninga ráðstafar fjármunum vegna ársins 2020 að fengnum tillögum Sambands garðyrkjubænda. Heimilt er að kveða nánar á um ráðstöfunina í reglugerð.

3. gr.

Beingreiðslur vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku

Aðilar eru sammála um að fyrirkomulagi á niðurgreiðslum á raforku verði breytt með þeim hætti að ylraektendum verði tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í stað niðurgreiðslu kostnaðar. Hámarksstuðningur beingreiðslna vegna lýsingar á hvern framleiðenda verður mest 17,5% af þeirri heildarfjárhæð sem til ráðstöfunar er á viðkomandi rekstrarári. Gerðar verða breytingar á 5. og 6. gr. samningsins í samræmi við framangreint sem taka gildi 1. janúar 2021.

Ylraektendum verða tryggðar beingreiðslur vegna lýsingar í því skyni að stuðla að hagfelldari starfsskilyrðum greinarinnar. Framlög samkvæmt fjárlögum hvers árs greiðast til framleiðenda miðað við notkun á raforku til gróðurhúsalýsingar. Beingreiðslur vegna lýsingar skulu standa straum af magnliðum og fastagjaldi í gjaldskrá fyrir flutning og dreifingu raforku um allt að 95%, en framleiðendur garðyrkjuafurða skulu greiða að lágmarki 5%.

Árleg framlög til beingreiðslna vegna lýsingar frá árinu 2021 og út samningstímenn koma fram í töflu 1 í viðauka I.

Framleiðendur garðyrkjuafurða sem uppfylla skilyrði fyrir stuðningsgreiðslum skulu eiga þess kost að sækja um beingreiðslur til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins á þar til gerðu rafrænu eyðublaði. Þeir framleiðendur sem fengu ekki beingreiðslur, eða niðurgreiðslu á raforku, á árinu á undan en vilja öðlast rétt til þeirra skulu senda rafræna umsókn til ráðuneytisins fyrir 15. febrúar ár hvert.

Þeir aðilar sem semja við orkusöluþyrntæki um kaup á orku til garðyrkju lýsingar eiga rétt á beingreiðslum vegna kostnaðar við flutning og dreifingu raforku. Heimilt er að fella niður réttinn ef aðilar brjóta gegn samningi þessum. Skilyrði fyrir beingreiðslum eru:

- a) Að orkukaupin séu vegna atvinnustarfsemi
- b) Að niðurgreidd raforka sé sérmæld og fari einungis til lýsingar plantna í gróðurhúsi til að örva vöxt þeirra.
- c) Að framleiðslan sé ætluð til sölu.
- d) Að ársnotkun til lýsingar sé meiri en 100 MWh á ári.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið annast greiðslur til viðtakenda á grundvelli umsókna, og að uppfylltum skilyrðum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið gerir áætlun að fengnum upplýsingum frá framleiðendum um áætlaða ársnotkun raforku til lýsingar fyrir árið og upplýsingum frá dreifiveitum um raunnotkun framleiðanda þrjú ár aftur í tímann, liggi þær upplýsingar fyrir. Framleiðendur skulu jafnframt veita upplýsingar um áætlað framleiðslumagn hverrar ræktunartegundar eftir framleiðslustað, upplýsingar um á hve mörgum fermetrum hver ræktunartegund verður ræktuð og hve stór hluti þess svæðis notast við gróðurhúsalýsingu, og tegund lýsingar. Áætla skal beingreiðslur pr. KWh miðað við áætlaða ársnotkun raforku. Ráðuneytinu er heimilt að halda eftir 20% af framlögum vegna beingreiðslna við gerð ársáætlunar sem verða greidd þegar heildarorkunotkun ársins liggur fyrir.

Áætlun um árgreiðslur og endurgreiðsluhlutfall skal kynnt framleiðanda og skulu athugasemdir við áætlunina berast ráðuneytinu innan 20 daga frá dagsetningu þeirra. Eins skal ráðuneytið kynna aðilum samnings þessa áætlaða heildarnotkun og hlutfall niðurgreiðslu.

Komi í ljós að upplýsingar frá framleiðendum og áætlun ráðuneytisins geri ráð fyrir að niðurgreiðsluhlutfall á kostnaði við flutning og dreifingu raforku fari niður fyrir 80% dreifast greiðslur hlutfallslega á milli framleiðanda miðað við notkun á raforku til gróðurhúsalýsingar. Ákvæði þetta verður sérstaklega skoðað við endurskoðun samningsins 2023.

Fjármunir til beingreiðslna til vegna flutnings- og dreifingarkostnaðar raforku verða 375 m. kr. á árinu 2020. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim á árinu samkvæmt þeim reglum sem voru í gildi 1. janúar 2020. Breytingar á ráðstöfun samkvæmt samkomulagi þessu taka gildi 1. janúar 2021.

4. gr.

Beingreiðslur B

Við samninginn bætist nýr flokkur beingreiðslna vegna ylraektar fyrir aðra ylraektun sem ætluð er til manneldis en kemur fram í nágildandi 4. gr. samnings, auk svepparæktar. Verða beingreiðslur á gúrkum, tómötum og paprikum þannig skilgreindar sem beingreiðslur A og nýr flokkur beingreiðslna sem beingreiðslur B. Heildarfjárhæð beingreiðslna B verður frá og með árinu 2021 37 m.kr. sbr. tafla 2 í viðauka I með samkomulagi þessu.

Beingreiðslur B skulu greiðast til framleiðenda í samræmi við fjölda fermetra í grunnfleti gróðurhúss sem nýttir eru til ræktunar á afurðum skv. 1. mgr. Forsenda greiðslna eru að ræktunin fari fram í a.m.k. 9 mánuði á ári. Jafnframt er heimilt að skilyrða greiðslur við að ræktunin sé að lágmarki stunduð á ákveðnum fermetrafjölda á ársgrundvelli. Þá er enn fremur heimilt að skilyrða greiðslur við að framleiðandi geri grein fyrir framleiðslu og sölu þeirra afurða sem ræktaðar eru í því húsnæði sem beingreiðslur B eru greiddar út á. Ákvæði þetta skal nánar útfært í reglugerð.

Greiddar verða beingreiðslur B frá og með 1. júlí 2020 og verða fjármunir til þeirra á árinu 37 m. kr. sbr. tafla 2 í viðauka I. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim samkvæmt breyttum ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

5. gr.

Kynbótaverkefni

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir framlög til kynbótaverkefna í garðyrkju. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga að fenginni ráðgefandi umsögn fagraðs í garðyrkju. Sérstök áhersla verður lögð á loftslagstengd verkefni sbr. 2. gr. Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun sama liðar í 4. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I með samkomulagi þessu.

Bændasamtök Íslands ráðstafa framlögum til kynbótaverkefna samkvæmt gildandi fyrirkomulagi vegna ársins 2020. Frá 1. janúar 2021 gildir breytt fyrirkomulag um ráðstöfun fjármunanna í heild.

6. gr.

Jarðræktarstyrkir

Veittir verða jarðræktarstyrkir til útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum til manneldis frá og með árinu 2021. Skilyrði fyrir greiðslum verða að viðurkennt túnkort fyrir spildur sem sótt er um framlög fyrir og að spildurnar verði skornar upp á því ári sem framlag er greitt. Skilyrði fyrir greiðslum er jafnframt að viðtakandi leggi fram skýrsluhald sem unnið er í jarðræktarforritinu Jörð eða sambærilegu forriti sem viðurkennt er af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, þar sem fram komi uppskerumagn, tegund ræktunar, notkun áburðar, notkun á plöntuverndarvörum og heildarstærð ræktunarrýmis. Framlag á hvern hektara (ha) fyrir hvert bú tekur mið af heildarfjölda ha sem sótt er um. Ekki er greitt framlag fyrir ræktun undir einum hektara. Með rótarafurðum er átt við allar afurðir til manneldis sem vaxa neðanjarðar eins og kartöflur, rófur, gulrætur, næpur og aðrar sambærilegar afurðir. Afurðir ræktaðar ofanjarðar eru m.a. blómkál, hvítkál, kínakál, rauðkál og aðrar sambærilegar afurðir. Hver framleiðandi getur ekki fengið hærri greiðslur samtals en 10% af því fjármagni sem til ráðstöfunar er árlega.

Fjöldi ha sem sótt er um	Stuðull umsótttra ha
1-30 ha	1,0 fyrir rótarafurðir

1-30 ha	4,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar.
30 ha>	0,7 fyrir rótarafurðir
30 ha>	3,0 fyrir afurðir ræktaðar ofanjarðar.

Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun sama liðar í 5. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I við samkomulag þetta.

Framlög til jarðræktarstyrkja samkvæmt samkomulaginu verða 70 m. kr. á árinu sbr. töflu 1 í viðauka I. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar þeim samkvæmt ákvæðum breyttrar reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

7. gr.

Rannsókn-, tilrauna- og þróunarstarf

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir þróunarfé til garðyrkjuverkefna. Framkvæmdanefnd búvörusamninga gerir tillögu til ráðherra um greiðslu framlaga að fenginni ráðgefandi umsögn Fagráðs í garðyrkju. Markmið þess er að styðja við fræðslu, rannsóknir, leiðbeiningarþjónustu og framþróun í garðyrkju. Styrkhæf eru; ráðgjafarverkefni, kynningarverkefni, rannsókn- eða tilraunaverkefni, vöruþróunarverkefni, verkefni sem mið að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og endurmenntunarverkefni. Fjármagn vegna liðarins verður tekið að hluta til úr fjármögnun liðarins „Þróunarfjármunir búgreina“ í 11. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins auk viðbótar fjármagns sbr. tafla 2 í viðauka I við samkomulag þetta.

Framleiðnisjóður landbúnaðarins ráðstafar þróunarfé til garðyrkjuverkefna vegna ársins 2020 samkvæmt ákvæðum gildandi reglugerðar nr. 1260/2018 um almennan stuðning við landbúnað. Frá 1. janúar 2021 ráðstafar atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið þróunarfé samkvæmt breyttum ákvæðum reglugerðar um stuðning við garðyrkju til samræmis við 1. mgr.

8. gr.

Lífræn framleiðsla

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið greiðir framlög til aðlögunar að lífrænum framleiðsluháttum í garðyrkju. Markmiðið er að aðstoða framleiðendur við að uppfylla þær kröfur sem lífræn garðyrkjuframleiðsla hefur í för með sér og auka framboð slíkra vara á markaði. Fjármunirnir eru ætlaðir til að styðja við aðlögun að lífrænum framleiðsluháttum. Úthlutun samkvæmt þessari grein verður með sambærilegum hætti og getið er um í 7. gr. rammisamnings um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið ráðstafar framlögum samkvæmt 1. mgr. samkvæmt ákvæðum breyttrar reglugerðar um stuðning við garðyrkju sem endurskoða skal fyrir 1. júní 2020.

9. gr.

Hámarksgreiðslur

Aðilar eru sammála um að ákvæði 6. gr. gildandi samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða dags. 19. febrúar 2016 er varða hámarksgreiðslur eigi við um framleiðanda eða framleiðendur sem eru í eigu einstakra aðila, einstaklinga, lögaðila eða tengda aðila.

10. gr.

Gagnagrunnur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stefnir að því að setja á fót gagnagrunn og mælaborð sem heldur utan um upplýsingar um matvælaframleiðslu á sviði landbúnaðar á Íslandi, þ.m.t. garðyrkju. Nauðsynlegt þykir að hafa yfirsýn yfir framleiðslu, sölu og birgðir í landinu m.a. vegna fæðuöryggis og slíkur gagnagrunnur eykur auk þess gagnsæi. Framleiðendur sem njóta stuðnings samkvæmt samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða skuldbinda sig til að veita upplýsingar til

Handwritten signatures and initials in blue ink at the bottom right of the page.

skráningar í gagnagrunninn og verða skil á upplýsingum skilyrði fyrir greiðslum. Skýrsluhald verður nánar skilgreint í reglugerð. Upplýsingarnar munu endurspegla birgðastöðu innlendra garðyrkjuafurða og verða uppfærðar með reglulegu millibili innan hvers árs.

11. gr.

Tollvernd

Samningsaðilar munu á árinu 2020 láta greina hagkvæmni þess að taka upp uppskerutengdar greiðslur vegna útíræktaðra garðyrkjuafurða og kartaflna gegn mögulegri niðurfellingu og/eða lækkun tollverndar. Niðurstöður skulu metnar við endurskoðun þessa samnings 2023. Ef breytingar verða gerðar á forsendum samningsins varðandi tollvernd, geta samningsaðilar óskað eftir viðræðum um endurskoðun þeirra atriða við endurskoðun þessa samnings 2023.

12. gr.

Gildistími

Samkomulag þetta tekur gildi við undirritun og gildir til 31. desember 2026. Breytingar á samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016 taka gildi frá og með 1. júlí 2020 með þeim undantekningum sem tilgreindar eru í ákvæðum 3., 5. og 7. gr. og taka gildi 1. janúar 2021.

13. gr.

Ýmis ákvæði

Öll ákvæði samnings um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða frá 19. febrúar 2016 sem er ekki breytt á grundvelli samkomulags þessa standa óbreytt.

Endurskoðuð skipting framlaga auk viðbótar fjármagns til verkefna í samningi um starfsskilyrði framleiðenda garðyrkjuafurða auk samkomulags þessa koma fram í töflu 1 í viðauka I sem fylgir samkomulagi þessu. Skal viðaukinn skoðast sem hluti samkomulagsins og kemur tafla 1 í viðaukanum í stað töflu 1 í viðauka I í gildandi samningi.

Af samkomulagi þessu, auk töflu sem skoðast sem hluti samningsins, eru gerð fjögur samhljóða frumrit og skulu þau varðveitt hjá samningsaðilum, eitt hjá hverjum. Öllu framangreindu til staðfestingar rita til þess bærir aðilar nöfn sín hér að neðan.

Samkomulag þetta er undirritað f.h. íslenska ríkisins með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum. Þá er samkomulagið undirritað með fyrirvara um samþykki nauðsynlegra breytinga á rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins sbr. 5., 6. og 7. gr. samkomulagsins.

Samkomulag þetta er undirritað af hálfu Bændasamtaka Íslands og Sambands garðyrkjubænda.

HRE
RIP
RAM
KBJ

Reykjavík, dags. 14. maí 2020.


F.h. ríkisstjórnar Íslands



Kristján Þór Júlíusson


sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra

F.h. Bændasamtaka Íslands



Gunnar Þorgeirsson

Formaður Bændasamtaka Íslands



Bjarni Benediktsson

fjármála- og efnahagsráðherra


F.h. Sambands garðyrkjubænda



Helga Ragna Pálsdóttir

Varaformaður Sambands
garðyrkjubænda

Vottur:



Unnur Brá Konráðsdóttir
formaður samninganefndar ríkisins

Viðauki I

Tafla 1 – fjárhæðir í m. kr. á verðlagi ársins 2020.

Garðyrkja	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur A	295	294	291	288	286	283	281
Beingreiðslur vegna raforku	375	375	375	375	375	375	375
Beingreiðslur B	37	37	37	37	37	37	37
Rannsókn-, tilrauna- og þróunarstarf *	48	48	47	47	47	46	46
Kynbótaverkefni *	15	15	15	15	15	15	15
Jarðræktarstyrkir *	70	70	70	70	70	70	69
Kolefnishlutleysi	15	15	15	15	15	15	15
Lífræn framleiðsla	10	10	10	10	10	10	10
Samtals garðyrkjusamningur	865	863	860	857	853	850	847

Tafla 2 – þar af aukið fjármagn sbr. 11. gr.

Garðyrkja – aukið fjármagn	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026
Beingreiðslur A	0	0	0	0	0	0	0
Beingreiðslur vegna raforku	70	70	70	70	70	70	70
Beingreiðslur B	37	37	37	37	37	37	37
Rannsókn-, tilrauna- og þróunarstarf	10	10	10	10	10	10	10
Kynbótaverkefni	6	6	6	6	6	6	6
Jarðræktarstyrkir	52	52	52	52	52	52	52
Kolefnishlutleysi	15	15	15	15	15	15	15
Lífræn framleiðsla	10	10	10	10	10	10	10
Samtals aukið fjármagn	200	200	200	200	200	200	200

Fjármunir færast að hluta úr rammasamningi um almenn starfsskilyrði landbúnaðar sbr. 5., 6. og 7. gr þessa samkomulags. Tilfærslur byggjast á ráðstöfun til garðyrkju árið 2019. Alls voru 9 m.kr. ráðstafað til kynbótaverkefna í garðyrkju, 18 m.kr. í jarðræktarstyrki vegna útiræktunar á grænmeti og garðávöxtum og er hlutur garðyrkju í þróunarfjármunum búgreina 38% sbr. 11. gr. rammasamnings.

Handwritten signatures and initials:
 PRM
 KØV
 JRP

